



FIMMTUDAGUR 5. OKTÓBER 2023



Fjölmörg verkefni fram undan

„Það er líka svo mikil vinátta í skólanum og mikið hlegið og góð samstaða. Þetta er ekki bara skóli, heldur ein stór fjölskylda.“
Búrkína Fasó ▶ 4-5

Von í samfélagi...

Wycliffe var studdur til náms í ABC-skólanum í Rackoko og er núna læknir og starfar á heilsugæslunni.
Úganda ▶ 6-7



Við getum öll breytt heiminum

Ár fagnar ABC barnahjálþ 35 ára afmæli samtakanna sem hafa allt frá upphafi einbeitt sér að aðstoð við að mennta börn í fátækum löndum svo þau eigi möguleika á betra lífi. Hjalti Skaale Glúmsson tók við framkvæmdastjórn ABC barnahjálþar fyrir tæpum tveimur árum af Laufeyju Birgisdóttur. Hjalti segir að þegar hann fékk tækifæri til að starfa fyrir ABC barnahjálþ hafi hann strax ákveðið að slá til, enda alltaf verið hrifinn af því mikla starfi sem samtökin hafa staðið fyrir. „Við styðjum fátæk börn til náms, allt frá þriggja ára og upp í háskólanám, í sjö löndum í Afríku og Asíu.“

Hjalti segir að í upphafi árið 1988 hafi samtökin verið að styðja frumbyggja í Mexíkó og síðan á Filabeinsströndinni og áherslan varð á að kenna bæði fullorðnum og börnum lestur. „Árið 1990 byrjar núverandi skipulag, að styðja börn til náms, og þá byrjuðum við á Filippseyjum og vorum í samstarfi við sænsk samtök. Þá vorum við að hjálpa börnum sem búa á ruslahaugum í höfuðborginni Manila. Samtökin hafa frá upphafi einbeitt sér að því að hjálpa fátækustu börnunum að fara í skóla og fá von um betra líf. Menntunin er mikilvægasti hlekkurinn í að rjúfa víthring fátækta,“ segir Hjalti. „Við getum öll haft áhrif á stöðuna í heiminum og í gegnum ABC barnahjálþ er hægt að taka að sér

barn og styðja það til náms, en kostnaðurinn við það er 3.800 krónur á mánuði sem sambærilegt við að kaupa eina pítsu! Þessir peningar duga fyrir skólagöngu, skólabúningi, máltíð og skólagögnum fyrir eitt barn. Það er ótrúlegt að sjá hvað þetta tækifæri gjörbreytir lífi barnanna, sem sum eru að upplifa öryggi og daglegar máltíðir í fyrsta skipti.“ ABC barnahjálþ rekur einnig heimavistarskóla þar sem börnin fá húsnæði og allar máltíðir dagsins, sem kostar 5.800 krónur fyrir hvert barn á mánuði. „Stærsta heimavistin er við skólann okkar í Banglades. Núna erum við að byggja heimavist við skóla í norður Úganda með styrk frá utanríkisráðuneyti.“

Annað verkefni sem Hjalti nefnir og utanríkisráðuneytið styrkir er klæðskeránám fyrir stúlkur í Pakistan sem hefst í haust.

„Aðstoð einstaklinga sem taka að sér að styrkja barn til náms er ómetanleg og skiptir sköpum fyrir lífsgæði barnanna, sem oft eiga ekkert nema fötin sem þau eru í. Með góðri menntun breytist staða barnanna algjörlega og þau eiga von um betri framtíð. Það er fátt sem yljur manni meira um hjartarættarnar en að taka þátt í að bæta lífsgæði barna.“

Til að styrkja barn til náms er hægt að fara inn á www.abc.is og velja þar barn til að styrkja.



Hjalti Skaale Glúmsson

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Banglades

Hvergi fleiri barnahjónabönd

Heimavistarskóli ABC barnahjálþar aðstoðar stúlkur í menningarheimi þar sem karlar geta keypt sér barnungar brúðir.



Gleðin skín úr hverju andliti á heimavist skólans Heimili Friðar í Banglades.

Banglades er skólinn Heimili Friðar sem er heimavistarskóli með sex hundruð nemendur. ABC barnahjálþ hóf árið 2017 samstarf við kristnu félagasamtökin Agape Social Concern (ASC), sem hafa starfað í landinu frá 1997, en þau styrkja 100 nemendur til náms og ABC styrkir 500 nemendur. Markmið skólans er að hlúa að uppbyggingu fátækra og útskúfaðra hópa. Þótt skólinn hafi upphaflega verið stofnaður af kristnum prestum eru fæst börnin kristin og mikill meirihluti er múslimar. Það breytir því þó ekki að kristin gildi eru lögð til grundvallar í skólastarfinu.

Verðum að hjálpa

„Í Banglades er það félagslega samþykkt að gifta barnungar stúlkur eða setja börn í þjónustu, ekki síst í fátækustu sveitahéruðunum, þar sem engin störf eru í boði. Foreldrar fá heimanmund og fátæktin er slík að foreldrar samþykkja að gifta ungar dætur sínar fyrir heimanmund,“ segir Laufey Birgisdóttir verkefnastjóri hjá ABC. Hún bætir við að UNICEF hafi gefið út skýrslu árið 2017 um barnahjónabönd í landinu þar sem kom fram að 22% stúlkna giftast áður en þær ná 15 ára aldri og 59% áður en þær ná 18 ára aldri. „Þegar við lásam þessa skýrslu ákváðum við að fara til Banglades og reyna að hjálpa ungum stúlkum,“ en í dag eru 300 stúlkur á heimavist skólans.

Samtalið

„Mary, framkvæmdastjóri okkar í skólanum, fer inn í fátækustu þorpin þar sem barnagiftningar eru algengar og reynir að rökræða við foreldrana, fá þá til að hugsa dæmið til enda

og setja dæturnar frekar í skóla en að gifta þær frá sér barnungar. Það sem hún segir við foreldrana gæti verið eitthvað á þessa leið:

„Ef einhver kemur til þín og býður þér pening fyrir dóttur þína og þú tekur því. Dóttir þín fer og giftist manningum og eignast kannski tvö börn. Svo er hún orðin 19 ára og maðurinn fær leið á henni og fær sér nýja barnunga konu. Eða ef hún getur ekki eignast börn og eiginmaðurinn ákveður að skila henni. Hvað gerist þá? Þá færðu hana aftur heim, niðurbrotna með enga framtíð. Þá verður hún orðin byrði á ykkur og peningur-

inn löngu búinn. En ef hún kemur í skólann til okkar þá þarftu ekki að borga skólavistina, mat eða annað og hún getur þá útskrifast og farið stolt út á vinnumarkaðinn 18 ára gömul og hjálpað ykkur foreldrunum.“

Tala um peningana

Laufey segir að það þurfi stundum að rökræða við foreldrana af því að þessi siður sé svo félagslega samþykktur. „Mary hefur sagt okkur að til þess að fá fólk til að skilja þá verði hún að tala við þau um peninga, um praktísku hlutina, miklu frekar en siðferðislegu

”

22% stúlkna giftast áður en þær ná 15 ára aldri og 59% áður en þær ná 18 ára aldri.

spurningarnar,“ segir Laufey. „Fá þau til að hugsa út fyrir hefðina og boxið. Það þarf að fá þau til að hugsa um hvað þau séu að fá út úr þessu fjárhagslega þegar dæmið er reiknað til enda.“

Í skólanum er lögð mikil áhersla á að nemendur fræðist um mannréttindi, grunnþarfir barna, barnavernd, mansal og kynjajafnrétti svo stúlkurnar verði meðvitaðar um rétt sinn. Námið er bæði bóklegt og verklegt og kennt er að sauma og á tölvur og það er landbúnaðarfræðsla – allt sem miðar að því að stúlkurnar hafi góða möguleika á störfum eftir að þær útskrifast 18 ára.

Laufey var í eftirliti í Banglades í desember á síðasta ári og hitti nemendur sem voru að útskrifast. „Það var svo skemmtilegt að sjá hvað þær voru allar með raunhæf markmið. Sumar vildu verða hjúkrunarfræðingar, vinna við bókhald eða í verslun og aðrar vildu verða tollverðir eða jafnvel ganga í herinn. Það var greinilegt að þær höfðu lært í skólanum að verða sterkar konur og láta til sín taka,“ segir Laufey sem er mjög stolt af nemendum skólans.

„Við höfum verið einstaklega heppin með starfsfólkið. Sá sem var yfir heimilinu var múslimi, á meðan sá sem sá um bókhaldið var kaþólikki og svo er kristinn framkvæmdastjóri.“ Vatnsbrunnur er á lóð skólans og öll aðstaða á heimilinu góð í hreinlætismálum. „Hluti af náminu er að rækta kartöflur og rötargrænmeti, alls konar ávexti og kryddjurtir. Alls staðar inni á skólasvæðinu eru blóm og stefna skólans er að hafa fallegt og blómlegt umhverfi fyrir börnin.“

Útgefandi
ABC barnahjálþ

Ritstjórn
Íris Ósk Friðriksdóttir iris@abc.is

Umsjón og skrif
Dóra Ósk Halldórsdóttir doraosk@mbl.is

Umbrot
Elín Arnórsdóttir elina@mbl.is


Forsíðumynd
Laufey Birgisdóttir



Skattafrádráttur

Síðla árs 2021 tóku gildi lög um skattafrádrátt til þeirra sem styrkja félög á Almannaheillaskrá. ABC barnahjálþ er á þeim lista, þ.a. framlög til ABC veita bæði einstaklingum og fyrirtækjum skattafrádrátt.

Einstaklingar sem veita félögum á Almannaheillaskrá framlög að fjárhæð kr. 10.000 til 350.000 lækka tekjuskattstofn sinn sem nemur þeirri fjárhæð. Fólk með meðaltekjur greiðir 37,95% tekjuskatt og getur því lækkað tekjuskattinn um allt að tæpum 133 þúsund krónum á ári. Sumir stuðningsaðilar okkar hafa nýtt skattafrádráttinn sinn til



að aðstoða fleiri börn til mennta. Við erum afar þakklát fyrir slíkan stuðning eins og allan annan stuðning.

Hámarksskattafrádráttur fyrirtækja vegna framlaga til félaga á almannaheillaskrá tvöfaldaðist við lagabreytinguna og er nú 1,5% af tekjum.

ABC sendir Skattinum upplýsingar um móttækin framlög og er skattafrádrátturinn forskráður á skattframtölin.

Nánari upplýsingar má finna á vef Skattsins en allir eru líka velkomnir að hafa samband við skrifstofu ABC til að spyrja frekar út í þessi mál.

Pakistan

Börn múrsteinabráelanna

Menntun barna múrsteinabráelanna er fyrsta tækifæri fjölskyldnanna til að komast út úr vítahring þrældómsins og eygja von.

ABC barnahjálpar hefur starfað í Pakistan í mörg ár en ABC hóf samstarf við frjálsu félagsamtökin Rasta foundation of Pakistan árið 2018. Rasta hefur starfað í Pakistan frá árinu 2009 og markmið þeirra er að hjálpa múrsteinabörnunum að fá menntun og frelsi. Þar fá börn kennslu í dagskóla frá leikskóla upp í 10. bekk. Þau læra urdu, ensku, stærðfræði, ljóð og myndlist, félagsfræði, trúabragðfræði, vísindi, landafræði, sögu og fá tölvukennslu. Í skólanum geta þau lokið ígildi gagnfræðaskólanáms og er námið bæði bóklegt og verklegt. Þessi börn eiga það sameiginlegt að þau hafa ekki fengið neina kennslu á nokkurn hátt áður en þau koma í Rasta-skólann. Börnin í grunnskólanum eru börn múrsteinabráela. Skólinn er inni á svæði þar sem múrsteinaverksmiðjur og allra fátækasta fólkíð í Pakistan býr. ABC barnahjálpar hefur stutt rekstur skólans og einnig hefur verið safnað fyrir stækkun skólans og byggingu vatnsbrunnis og kennarastofu í skólanum.

„Við sáum að börn byrja að aðstoða foreldra sína við að búa til múrsteina alveg frá fjögurra ára aldri en aðstæður þarna eru skelfilegar,“ segir Laufey Birgisdóttir. Þeir sem fátækastir eru í Pakistan neyðast oft til að fá lítil lán hjá fyrirtækjum eða vinnuveitendum eins og múrsteinaverksmiðjunum og þá er fólk fast í vítahring þrældóms og skuldbundið árum saman til að greiða skuldina samkvæmt

Aðstoð við börn til náms í Sheikhupura er tækifæri þeirra til betra lífs í stað þrældóms.



samningi sem það hefur engar forsendur til að skilja. Hundruð barna eru í þrækkunavinnu og vinnudagurinn langur. Þess vegna skiptir miklu máli að fá börnin úr þrækkuninni og í skóla og aðstoða við að greiða skuldir múrsteinsbráelanna.“

Flestir foreldrarir sem Laufey hitti voru hvorki læs né skrifandi. „Það hefur mjög mikil áhrif í fjölskylduna þegar börnin fara í skóla og læra að lesa og skrifa og þá er í fyrsta skipti einhver í fjölskyldunni sem getur nýtt sér leiðbeiningar, lesið á skilti, aðstoðað við að fara til læknis og fá tilfinningu fyrir peningum. Ég hitti þarna móður, en tólf ára barn hennar var að kenna henni að skrifa stafina.

Foreldrarir eru gífurlega stolt af börnum sínum í skólanum og þakklát og það sést m.a. á því hversu mikil natni er lögð í að hafa skólabúningana fína.“

Síðastliðið haust var Laufey í Pakistan og þá kviknaði hugmyndin að fullorðinsnámi. „Við fengum þróunarsamvinnustyrk frá utanríkisráðuneytinu og leigjum lítið húsnæði við hliðina á grunnskólanum, keyptum tíu saumavélar, eina overlock-vél, réðum einn saumakennara og kennslu í lestri og skrift. 20 stúlkur geta stundað námið sem hefst núna í október og kostar 700 þúsund að reka skólann árlega. Það er mjög spennandi að sjá þetta verða að veruleika og nú verðum við með 230 börn í grunnskólanum og 20 stúlkur í klæðskeránáminu.“

Filippseyjar

Foreldrar virkir í skólanum

Hjálparþjónusta foreldra er verkefni sem hefur staðið í tæplega tvö ár á Filippseyjum og skilar góðum árangri.

Starf ABC barnahjálpar á Filippseyjum á sér meira en þrjátíu ára sögu, eða allt frá árinu 1990 þegar samtökin hófu stuðning við börn í skóla á Payatas-svæðinu í Manila höfuðborg Filippseyja í samstarfi við Barnmissionen í Svíþjóð. Fjölskyldurnar á þessu svæði búa flestar á gömlum ruslahaugum í Manila í kofabyggð og fæstir hafa aðgang að rennandi vatni eða rafmagni. Í dag eru 550 börn sem njóta stuðnings til náms í gegnum ABC barnahjálpar, en þúsundir barna hafa notið stuðnings styrktaraðila frá því að starfsemin hófst á Filippseyjum.

ABC barnahjálpar styður börn til náms á Filippseyjum allt frá leikskóla upp í háskóla og eru meðal annars um 30 nemendur sem útskrifast ár hvert með háskólagráðu og mikla möguleika á góðu lífi. Einnig útskrifast fjöldi barna úr framhaldsskóla og verkmenntaskóla ár hvert, en mjög margir nemendur velja iðnmenntun og stofna síðan sinn eigin rekstur. Það kostar 3.800 krónur að styðja barn til náms í dagskóla á mánuði og þá fá nemendur öll skólagögn, skólabúning, heita máltíð, heilsugæslu, en einnig er mikið og gott félagslíf í skólunum á Filippseyjum.

Árið 2022 var gerður samningur við foreldra barna við skólann í Molfrid Center um aukna aðstoð og þurfa foreldrar eða aðstandendur að leggja fram 32 stunda sjálfböðavinnu í skólanum á ári. Hugmyndin er að þjónusta fjölskyldumeðlims við skólann bæti skólastarfið og gefi foreldrunum tilfinninguna um að hafa áorkað einhverju sem skipti máli fyrir barnið, fjölskylduna og



Hér eru foreldrar með starfsfólki að sjá um matartímann hjá börnunum í skólanum.

nærsamfélagið. Auk sjálfböðavinnunnar geta foreldrarir unnið meira, kannski tvo tíma á dag eða lengri tíma, og þá fengu þeir greiðslu í formi styrks frá skólanum í Molfrid Center. Þannig er hægt að styrkja fjárhagsstoðir fjölskyldunnar og auka möguleika barna fjölskyldunnar á því að ná betri árangri. Foreldrarir sinna ýmsum störfum í skólanum, sumir sjá um að elda, þrifa, sinna viðhaldi eða aðstoða kennarana, sinna

börnunum í leiktíma eða annað sem þarf að gera. Jowie Marbella er tengiliður ABC barnahjálpar í Filippseyjum og hún segir að sjálfböðastarfið skili miklum árangri fyrir bæði börnin og fjölskyldurnar. Foreldrarir séu miklu áhugasamari um skólastarfið en áður en verkefnið hófst fyrir tæpum tveimur árum. „Það fylgir því mikil gleði að vinna gott dagsverki og finna að störf manns skipta máli fyrir fjölskylduna og samfélagið.“


Kenía

Mary Nthenya

Best í stærðfræði

Ég heiti Mary Nthenya og hef fengið stuðning frá ABC barnahjálpar til að stunda nám í Mathare-skólanum í Kenía og í gegnum skólann tók ég þátt í Broskallaverkefningunni og það hefur haft ótrúlega góð áhrif, sérstaklega hefur það hjálpað mér í stærðfræði. Núna er ég besti nemandinn í stærðfræði í

skólanum og ég fékk spjaldtölvu í verðlaunum sem hjálpar mér mikið í náminu og ég get notað til að leysa ýmis dæmi. Ég er svo glöð að vita að einhver trúir á mig og hjálpar mér að ganga í skóla svo ég geti látið drauma mína rætast. Guð blessi ykkur.“



Bill Noel

Hjálpar yngri nemendum

Ég heiti Bill Noel og er á unglingastigi í Mathare-skólanum í Kenía. Skólavistin hefur gjörbreytt lífi mínu með því að veita mér aðgang að góðri menntun, hjálpa mér að verða betri manneskja og að styrkja samband mitt við Guð. Í gegnum námið fann ég að ég vildi þjóna samfélaginu mínu og verða eins góður borgari og ég get. Ég hjálpa mikið yngri nemendum með námið eftir skóla á daginn og einnig hjálpa ég við að útteila matnum til nemendanna. Enska er uppáhaldsfagið mitt í skólanum og störf mín með nemendum eftir skóla. Guð blessi ykkur og kærar þakkar fyrir allan stuðninginn.“




Lawrence Averdone

Skólinn er heimili mitt

Ég heiti Lawrence Averdone og er á unglingastigi í heimavistaraskóla Mathare í Kenía. Skólinn er heimili mitt þar sem ég hef skjól, fatnað, mat og fæ að stunda nám. Vera mín í skólanum hefur hjálpað mér að treysta á sjálfan mig og ég er ákveðinn í því að láta drauma mína rætast. Uppáhaldsfagið mitt er kristinfræði og hún hefur hvatt mig til þess gera gagn í samfélaginu og ég

hef ákveðið að verða kennari. Í skólanum hef ég eignast vini fyrir lífstíð og við hjálpumst að við að ná markmiðum okkar. Kærar þakkar fyrir stuðninginn, sem hefur gjörbreytt lífi mínu.“



Jóhanna með tveimur stúlkum sem stunda nám í Ecole ABC de Bobo í borginni Bobo-Dioulasso.



Hinrik og Guðný hafa unnið gríðarlegt starf í ABC skólanum í Bobo-Dioulasso.



Jóhanna og Haraldur í Búrkína Fasó.



Fánar Íslands og Búrkína Fasó blakta við hún.



Haraldur kominn í pípuþagnir fyrir vatnsveituverkefnið í Búrkína Fasó.



mörgum Íslendingnum furðulegt að hafa ekki aðgang að vatni svo mánuðum skipti. „Það breytir öllu varðandi skólustarfið, bæði varðandi hreinlæti og ræktun á mat og að geta haft aðgang að vatni alla daga og allan sólarhringinn. Fyrir fjölskyldurnar sem eru í kring og eiga börnin er þetta bylting. Það eru yfir þúsund börn í skólanum og í hverri fjölskyldu eru kannski fimm, sex og upp í tíu aðilar þannig að verkefnið er að hjálpa til við að metta alveg sjö til tíu þúsund manns.“

Blómlegt ræktun

Foreldrafélag ABC-skólans hefur aðgang að ræktarlandinu, sem er kallað Lífland og er skammt frá skólabyggingunni. Foreldrar sjá alfarið um ræktunina á landinu, en auk þess er þar stunduð svína- og hæsnarækt. „Það sem ræktað er þarna árið um kring er mikil búbot fyrir skólann og er þetta allt til þess að það þarf að kaupa minna af mat, sem er þó enn mikið magn,“ segir Jóhanna og bætur við að tvisvar á ári séu matargjafir til fjölskyldna barnanna og koma þær til vegna gjafa annars staðar frá. Vegna vatnsveitiverkefnisins er Lífland blómlegt ræktunarsvæði í dag og þar er líka rekið stúlknaheimili þar sem rúm er fyrir 18 stúlkur, en eins og er búa þar níu stúlkur með forstöðukonu sem heldur utan um starfið.

Árið 2021 fékk Áveitan ehf. styrk úr Heimsmarkmiðasjóði utanríkisráðuneytisins til að byggja upp ræktarland í ætt við Lífland til að rækta landbúnaðarafurðir, fjölga störfum og bæta lífskjör heimamanna, þar sem hægt er að ná nokkrum uppskerum yfir árið. Áður hafði foreldrafélag skólans haft aðgang að þessu landi til þess að rækta mais yfir regntímann. Haraldur fékk með sér þá Jón Sverri Friðriksson og Guðjón Norðfjörð auk Hinriks Þorsteinssonar til að setja verkefnið, sem fékk nafnið Gósenland, af stað. Nú er búið að byggja varnarvegg kringum landið, bora eftir vatni, koma fyrir dælum og reisa vatnsturna á svæðinu. Rafmagnið er fengið úr sólarcellum sem tengjast vatnsdælunum til að tryggja bæði rafmagn og sjálfbærni áveitunnar og ræktunin er komin á fullt.

Haraldur segir að mikilvægt sé að miðla þekkingu sinni til heimamanna. „Og ekki er minna dýrmætt að fá að taka við þeirra þekkingu og vinna hlutina saman. Við lærum hvert af öðru og þannig verður útkoman best,“ segir hann.

Þrekvirki forveranna

„Við erum að taka við mjög góðu búi frá Guðnýju og Hinriki, en starf þeirra í Búr-

kína Fasó er ekkert minna en þrekvirki og gríðarleg vinna sem þau hafa unnið í að búa til þetta góða tengslanet sem við höfum á staðnum. Þegar Jóhanna er spurð hvort fólk hafi ekki hváð uppi á Íslandi yfir að þau hjónin væru að fara til Búrkína Fasó til að vinna meðan aðrir fari til Kanaríeyja að baka sig í sólinni, hlær hún við og segir að þeir sem þekki þau hafi nú ekkert orðið hissa á því. Hún segir að frekar hafi þau hjónin fundið mikinn stuðning í fjölskyldunni á Íslandi og áhuga á verkefninu. „Börnin okkar hafa til dæmis komið hingað út og verið að hjálpa til og það er alveg ómetanlegt og börnin okkar eru stuðningsaðilar nokkurra barna í skólanum hjá okkur.“

Handapat og bros

Eftir ferðina þeirra til Búrkína Fasó í janúar á þessu ári ræddu hjónin saman og sáu að líklega væri meira starf fram undan hjá þeim í Búrkína Fasó. „Þegar Hinrik og Gullý kölluðu okkur á fund og spurðu hvort við vildum taka við starfinu af þeim, þá vorum við tilbúin.“ Hún segir Hinrik og Guðnýju hafi tengt þau hópnun sem þau hafa verið að vinna með, en þau hafa verið í Búrkína Fasó stóran hluta úr árinu og þekkja svæðið og menninguna betur en flestir.

Það er ekki sami hraðinn í Búrkína Fasó og á Íslandi. „Þegar við komum á staðinn, þá girum við okkur niður og förum á þeirra hraða,“ segir Jóhanna og hlær. Svo tekur allt lengri tíma út af tungumálinu, en talið er að rúmlega 70 tungumál séu töluð í landinu. „Það er kannski einn í hópnun sem talar ágæta ensku, en svo ef allt þrýtur þá er bara notað handapat og bros. Og það fleytir okkur langt,“ segir hún. „Þrátt fyrir þessa miklu fátækt er fólkíð mjög lífsglatt og brosmilt, sem gerir allt samstarf miklu auðveldara. Við erum líka að læra af þeim og njóta augnabliksins.“

Miðla þekkingunni

„Við sjáum hvað það skiptir miklu máli að hafa aðgang að vatni og það hefur aukið mataröryggi fólksins þegar þau geta ræktað matvæli allt árið,“ segja þau Jóhanna og Haraldur. Heimamenn hafa aðgang að landinu og þau komi með þekkinguna og miðli henni áfram. Það er gaman að segja frá því að pípari sem er heimamaður og Haraldur hefur leiðbeint hefur í dag nóg að gera og starfar sem verktaki. Rafvirki á svæðinu hefur verið mjög áhugasamur og drekkur í sig alla þekkingu og nýjungar. „Okkur er mikið í mun að skilja þekkinguna eftir í landinu. Um það snýst málið að stórum hluta, að heimamenn geti séð sér og sínum farborða í erfiðu landi.“

”

Okkur er mikið í mun að skilja þekkinguna eftir í landinu. Um það snýst málið, að heimamenn geti séð sér og sínum farborða.

hafa reglulegan aðgang að vatni árið um kring. Rigningátímabilið í Búrkína Fasó er bara einu sinni á ári og svo skrælnar allt þess á milli og þá á fólk í erfiðleikum með að rækta grænmeti og þar með að brauðfæða fjölskylduna,“ segir Haraldur Pálsson, eiginmaður Jóhönnu.

Hjónin hafa rekið pípuþagningafyrirtækið Áveituna á Akureyri í 26 ár og Haraldur sá strax að reynsla hans, m.a. í pípuþagnum, gæti nýst vel. Strax um haustið sama ár fór Haraldur aftur til Búrkína Fasó og fór að leggja grunn að þessari hugmynd um að dæla upp vatni og leggja áveitulagnir ásamt því að koma vatni sem víðast að á skólalóðinni. „Það virtist vera frekar stutt niður á grunnvatn þarna svo ég sá að það væri góður möguleiki að ná í vatn og koma því að ræktunarsvæðinu. Vatn er grunnurinn að öllu lífi og einnig nauðsynlegt varðandi allt hreinlæti.“

Haraldur fylltist eldmóði fyrir verkefninu og frá þessari fyrstu ferð í febrúar árið 2015 er hann núna búinn að fara átta sinnum til Búrkína Fasó og ferðirnar eiga eftir að verða fleiri, því þau hjónin hafa tekið við stjórn skólans af Hinriki og Guðnýju.

Vatnsveituverkefnið

„Landið er auðugt af vatni, það er þarna skammt undir yfirborðinu en það skorti á þekkingu til að sækja það og heimamenn höfðu heldur ekki tækni né fjármagn til þess. Fyrir sex árum hófumst við handa við að leggja áveitu- og neysluvatnslagnir og skapa þannig betri hreinlætisaðstöðu fyrir skólaborn og tækifæri til að koma upp ræktunarsvæðinu sem gefur af sér allt árið,“ segja þau Jóhanna og Haraldur.

Haraldur segir að vatnsveituverkefnið skipti mjög miklu málið fyrir samfélagið, enda þætti

Úganda

Von í samfélagi sem er markað af áföllum

„Unnið hefur verið þrekvirki í litla þorpnu Rackoko í norðurhluta Úganda þar sem ABC barnahjálpar rekur skóla með heilsugæslu, kvennadeild, skurðstofu og ný malaríudeild verður opnuð í nóvember. Nú stendur til að bjóða upp á tveggja ára nám í heilbrigðisgreinum.“

Víð erum búin að vera með skóla í Norður-Úganda í 30 ár, þar sem Íslendingar hafa styrkt börn til náms. Þessi skólalóð sem við erum að nota í Rackoko í Pader-héraði var upphaflega flóttamannabúðir þar sem mest voru mun- aðarlaus börn sem bjuggu þarna eftir stríðið í Úganda,“ segir Laufey Birgisdóttir, verkefnastjóri hjá ABC barnahjálpar og fyrrverandi framkvæmdastjóri.

Afar erfiðar aðstæður hafa verið í norðurhluta Úganda, sem setja svip sinn á allt svæðið. Frá 1986-2008 geislaði stríð milli uppreisnarmannanna LRA (Lord's Resistance Army) og stjórnvalda og nærri 90% hermanna uppreisnarmanna voru börn sem höfðu verið tekin frá foreldrunum og neydd til að berjast. Til að sporna við að börn væru tekin í hermennsku fyrirskipuðu stjórnvöld að íbúarnir flyttu í flóttamannabúðir sem reistar voru á landinu. Aðeins moldarvegir eru í héraðinu og afar litlir atvinnumöguleikar og einu möguleikarnir til lífsviðurværis eru að rækta matvæli. Saga héraðsins er mörkuð af áföllum.

Samstarfsfólk í 30 ár

Það er í rauninni stórmerkilegt að ABC hafi getað haldið úti skólastarfi í Úganda í 30 ár. „Já, það má segja það. Alveg frá upphafi höfum við starfað með sama fólkinu, Trudy og Francis Odi. Trudy kom til Úganda sem nunna frá Ástralíu, en giftist svo Francis sem er frá Úganda, en er nú látinn. Hún er ennþá í stjórninni en er að nálgast áttætt núna. Hún hefur verið í þessu starfi alveg frá upphafi og er alveg mögnuð kona,“ segir Laufey.

Þegar Trudy kom til Rackoko fyrir þrjátíu árum var hún mest að vinna með barnunga hermenn úr stríðinu. Hún sinnti mest í sálhjálp og var með lítinn skóla. Við byrjuðum að starfa með henni þarna fyrir norðan og smám saman keyptum við land og fórum að byggja skóla og síðan leikskóla. Landið sem ABC Úganda á í dag er nokkuð stórt. Svæðið er girt af með múrvegg og svo er járnhlíð til að komast inn á lóðina, bæði til að halda fólki frá og dýrum. „Það eru mikil verðmæti í skólanum, bæði matur og síðan tölvur og það þarf að hafa vaktmann allan sólarhringinn.“

Mjög há dánartíðni

„Árið 2018 kom mikill stormur sem tók af þakið eins og það lagði sig af tveimur byggingum á skólalóðinni, sem voru þá heilsugæsla og skrifstofa skólans. Eftir það var þessi bygging ekkert notuð, því það var ekkert þak og allir gluggar brotnir og illa farnir. Þannig var ástandið þegar ég kom þarna í mars 2022.“

Laufey og Samúel Ingimarsson, stjórnarformaður ABC barnahjálpar, fóru í eftirlitsferð til að skoða skólana, fara yfir bókhaldið og þá voru heimamenn að sýna þeim þessar byggingar sem stóðu þarna ennþá, þaklausar og illa farnar. „Þá komu þorpsbúarnir til okkar og skólastarfsfólkið og spurðu hvort það væri einhver möguleiki að við gætum komið upp heilsugæslu aftur í þessu húsnæði fyrir þorpið og héraðið.“

Þá var haldinn fundur um heilsugæslumál og á honum kom fram að það væri mjög há dánartíðni meðal kvenna. Á þeim tíma var ljósmóðir í þorpnu sem var búin að taka á móti börnum þarna í fjórutíu ár. Hún sagði að ef einhver vandkvæði væru í fæðingunni, eins og ef barnið sneri vitlaust eða annað sem þarfnaðist læknskunnáttu, þá væru allar líkur á því að móðirin dæi og oft barnið líka, því það

er enga hjálpar að fá og 70 kílómetrar í næstu heilsugæslu. Ófrísk kona getur ekki gengið 70 km eða setið aftan á reiðhjóli til að fá aðstoð á næstu heilsugæslu svo staðan var mjög erfið.“

Allir vildu leggja sitt af mörkum

Laufey segir að þarna hafi verið tekin ákvörðun um að samtökin myndu reyna að stofna þennan spítala og hafa sérstaka fæðingardeild og þau sóttu um fjármagn til þess sem þau fengu frá utanríkisráðuneytinu. Það var strax hafist handa og byrjað að múra húsið og setja upp þak. Gerð hafði verið kostnaðaráætlun um að ný kvennadeild ásamt fæðingardeild auk skrifstofu myndi kosta 15 milljónir íslenskra króna. Þegar styrkur til þróunarsamvinnuverkefna frá utanríkisráðuneytinu upp á tólf milljónir barst í maí 2022 var kraftur settur í bygginguna og söfnun hafin fyrir því sem vantaði upp á.

„Margt fólk í þorpnu kom og hjálpaði til. Það vildu allir leggja sitt af mörkum, komu með mat og gerðu allt sem þau gátu. Þegar við vorum í Úganda í febrúar var mjög þungt hljóð í fólki því fólk sá enga von með möguleika á heilsugæsluþjónustu, en þegar við komum aftur í ágúst var áþreifanlegt hvað mikil jákvæðni var í loftinu og fólk svo þakklátt og stolt af því að það væri komin heilsugæsla í þetta litla þorp.“

Uppsöfnuð þörf

Í ágúst fór Laufey aftur til Úganda með Ölmú Guðjónsdóttur sjúkraþjálfara, en hún kenndi börnum alls konar leiki og fullorðnum ýmsar þæfingar stíl að styrkja stoðkerfi. Nýja kvenna- og fæðingardeildin var opnuð með pompi og prakt á skólalóðinni í Rackoko 2. ágúst 2022 og fylltist húsnæðið af fólki úr þorpnu og víðar að. Laufey segir að þingmaður kjördæmisins, sem býr í höfuðborginni Kampala sunnar í landinu, hafi heimsótt Rackoko á opnunardaginn og sagt að skurðstofan gæfi skurðstofum höfuðborgarinnar ekkert eftir. „Það var gífurleg stemning þennan dag og þakklætið og gleðin geislaði af þorpsbúum.“

Fyrstu dagana eftir að deildin var opnuð var frítt að koma í skoðun og það fylltist allt og 320 sjúklingar skráðir inn. Þar af voru 20 barnshafandi konur sem voru á síðustu mánuðum meðgöngunnar sem fóru í sónar og fengu almenna skoðun á fæðingardeildinni. Það voru 104 sýni tekin þennan fyrsta dag hjá veiku fólki og þá kom í ljós að 70 manns voru með malaríu, 20 voru með HIV-smit og einnig greindust aðrir sjúkdómar. Barnshafandi konur með malaríu og HIV-smit fengu viðeigandi meðferð, en Laufey segir að eitt ungbarn hafi verið orðið svo veikt af malaríu að það lifði það ekki af sem var skelfilegt að horfa upp á. Engin malaríulyf eru til fyrir börn undir fimm ára, en verið er að þróa slík lyf núna. „Það eina sem getur bjargað þeim er að fá blóðgjöf, en það var ekkert blóð til því það hafði ekki verið nein heilsugæsla. Þegar við fórum suður til Kampala var búið að skrá í 30 aðgerðir við ýmsum kvillum sem lækarnir ætluðu að koma og framkvæma í þorpnu.“

Nemandi ABC einn lækna

Heilsugæslan er opin alla daga vikunnar og þar starfar menntað heilbrigðisstarfsfólk úr héraðinu. Þrjú lækna frá höfuðborginni Kampala skiptast á að koma til að sinna aðgerðum og þá er búið að skipuleggja vaktirnar þannig að hægt sé að gera sem flestar aðgerðir þann daginn. Það er þó yfirleitt bara einn lækni hverju sinni á heilsugæslunni, en auk hans eru þrjár hjúkrunarkonur, sjúkraliði og starfsmaður á rannsóknarstofunni. Á skólalóðinni er einnig apótek og tannlækna-



Wycliffe talar við þorpsbúa, en vegna stuðnings ABC barnahjálpar gat hann orðið lækni.



Laufey með þorpsbúum í Rackoko.



Wycliffe, Laufey, Frank og Alma í Rackoko.

„Ófrísk kona getur ekki gengið 70 km eða setið aftan á reiðhjóli til að fá aðstoð á næstu heilsugæslu svo staðan var mjög erfið.“

þjónusta og öll aðstaða ótrúlega góð miðað við almennt í héraðinu.

Það er sérstaklega ánægjulegt að nefna að einn af læknum þremur er gamall nemandi ABC skólans í Úganda. „Wycliffe var í grunnskólanum og bjó á heimavistinni. Hann var bara tólf ára þegar hann ákvað að hann vildi verða lækni og hann lagði sig virkilega fram svo að draumur hans gæti ræst. Eftir að hann lauk grunnskóla og framhaldsskóla hjá ABC Úganda fékk hann styrk til að fara í læknanám,“ segir Laufey og bætir við það sé ótrúlega góð tilfinning að sjá og finna árangurinn af skólastarfinu skila sér svona vel til samfélagsins.

Malaríudeild

Eins og kom berlega í ljós fyrsta daginn við opnun heilsugæslunnar er malaría landlæg í héraðinu og ljósmóðirin sagði Laufeyju að hún væri sérstaklega skæð barnshafandi konum og gerði meðgönguna bæði erfiða og afar hættulega. Næsti draumur þorpsbúa

var að hægt væri að opna malaríudeild til þess að eiga blóðrannsóknartæki, ísskáp og blóðskimunartæki fyrir blóð. „Við sóttum um styrki hjá Þróunarsamvinnunefnd til að opna malaríudeild við hliðina á kvennaspítalanum og við fengum styrki fyrir tveimur húsum.“ Laufey segir að núna sé verið að bæta við húsnæðið og setja upp litla malaríudeild, sem tekur 12-14 rúm fyrir veika einstaklinga. Það er nóg fyrir svæðið, en það sem skipti langmestu máli var að fá tækjakostinn til að skima blóð, geta rannsakað það og geymt í kæli.“

Malaríudeild í nóvember
Laufey segir að vinnan við deildina sé langt komin og stefnt er að því að opna malaríudeildina í nóvember. Það eru komnar sólar-sellur á þakið fyrir rafmagn og framkvæmdir ganga vel.

Eins og áður hefur komið fram er atvinnulíf fremur fábreytt á svæðinu og mest unnið við ræktun matvæla eða við umönnunarstörf. En með tilkomu þessarar heilsugæslu er næsta hugmynd fyrir ABC skólann að bjóða



Wycliffe að sinna störfum á heilsugæslunni.



Fæðingarstofan á heilsugæslunni.



Það er stundum þröngt á þingi á biðstofunni fyrir framan heilsugæsluna í Rackoko.



Pakklátar mæður fá nú heilbrigðisþjónustu fyrir börn sín á heilsugæslunni í Rackoko.

upp á tveggja ára nám til að verða sjúkra- liði, ljósmóðir, lyfjatæknir eða starfsmaður á rannsóknarstofu og það er þegar hafin skipulagning á því. „Það liggur beint við því við erum komin með heilsugæslu, kvennadeild, malariudeild, rannsóknarstofu og litla tann- læknastofu á skólasvæðið, en það er saga að segja frá tilurð hennar.“

Alma opnar tannlæknastofu

Þegar Laufey kom frá Úganda í mars þurfti hún að fara til sjúkrahjálfa og hún fór að segja henni frá starfinu í Úganda. „Það endaði með að Alma Guðjónsdóttir sjúkrahjálfi kom með mér í ágúst, en það var algjörlega stórkostlegt að hafa hana með. Hún heillaði starfsfólkið alveg upp úr skönnum og hún var með ýmsar teygjur, nálar og belti til að gefa á heilsugæsluna sem enginn hafði séð áður. Þegar hún dró upp nálarnar var mikið hlegið og emjað þegar hún fór að meðhöndla heil- brigðisstarfsfólkið með nálarstungum. Þetta var alveg stórkostlegt.“

En Alma átti greinilega að fara til Úganda. Þegar hún sá fólk koma til að láta draga úr sér tennur leist henni ekkert á aðstæðurnar né aðfarirnar. Einn hélt viðkomandi niðri og annar hélt höfðinu föstu og sá þriðji dró út tönnina með afli. Hún spurði því hvort ekki væri hægt að nota eitt herbergið fyrir litla tannlæknastofu og þegar þær Laufey voru búnar að kanna málið og finna tannlæknastól, sóttþreinsibúnað, ljós og vagn fyrir fjármagn- 230 þúsund krónur var slegið til og fjármagn-

inu safnað á Facebook á þremur dögum. „Nú geta þorpsbúar fengið tannlæknþjónustu og kallað er á tannlækni frá Gulu þegar nokkir þurfa þjónustuna.“

Góðar ömmur eru gulli betri

Þegar Laufey var ráðin framkvæmdastjóri ABC barnahjálpar árið 2017 hafði hún verið stuðningsaðili í mörg ár og líka verið sjálf- boðaliði, svo hún þekkti vel til starfsins, en núna er hún verkefnastjóri hjá samtökunum. „Þetta var draumur minn frá æsku. Guðbjörg Jónsdóttir, föðuramma mín, gaf mér trúna, en hún var frikirkjukona í Hafnarfirði og hafði mikil áhrif á mig. Svo var það móðuramma mín, Laufey Jakobsdóttir, sem margir þekkja sem Laufeyju ömmu í Grjótaþorpinu, sem gaf mér trúna á fólk og hvað það væri mikilvægt að hjálpa öðrum og gefa af sér í lífinu. Þannig að alveg frá því að ég var barn hefur það blundað í mér að vilja vinna við svona starf. Það eru gríðarleg forréttindi og ábyrgð að fá að starfa við þetta.“

Hún segir líka að í sínu starfi hafi hún séð það sjálf hvað það er hægt að koma miklu til leiðar og hafa áhrif til góðs. Það sem okkur finnst kannski lítið, getur skipt sköpum í þessum heimshluta. Það er líka svo mikilvægt að geta fylgst með því í hvað peningarnir fara sem fólk gefur til starfsins. Mér verður oft hugsað til Laufeyjar ömmu og þess veganest- is sem ég fékk hjá henni. Hún sagði að með því að vera góð við náungann og gera góðverk getum við gert heiminn örliði betri.“



ABC barnahjálpar

„Stuðningur þinn breytir lífi mínu“

ABC barnahjálpar er íslensk hjálparstarfsstofnun sem var stofnuð árið 1988 og hefur nú starfað í 35 ár með það að markmiði að gera lífið betra fyrir fátæk börn í heiminum. Víða eru aðstæður fólks og fátækt slikt að það er ekkert sem blasir við nema fátæktar- gildran og erfitt líf í örbirgð. Við trúum því að menntun sé besta tækifærið til að komast út úr fátæktargildrunni og frá upphafi hefur áherslan hjá okkur verið að aðstoða fátæk börn sem búa við mjög erfiðar og hættulegar aðstæður við að komast í skóla og hafa aðgang að heilsugæslu. ABC barnahjálpar hefur útskrifað þúsundir nemenda sem hafa farið út í lífið með nýja von og góða menntun í farteskinu.

heimamönnum sem stjórna starfinu á flestum stöðum.

ABC barnahjálpar starfar nú í sjö löndum Asíu og Afríku og styrkir þúsundir barna til náms og búa mörg þeirra á heimavist- um ABC. Nemendur frá þriggja ára aldri fá ókeypis menntun, skólagögn, skóla- búning, læknishjálpar og mat í gegnum stuðning ABC barnahjálpar.

ABC barnahjálpar hefur byggt margar heimavistar og skóla á síðustu 35 árum sem fjármögnuð hafa verið með söfn- unarfé, opinberum framlögum og stökum gjöfum einstaklinga og fyrirtækja. Þar fá börnin heimili, menntun, skólagögn, skóla- búning, allar máltíðir og læknishjálpar.

Taktu þátt í starfinu

Stuðningur við eitt barn til náms kostar 3.800 krónur á mánuði og að styðja barn til náms á heimavist kostar 5.800 krónur á mánuði. Stuðningur þinn skiptir sköpum fyrir barnið sem nýtur stuðningsins og gefur því tækifæri til að geta lifað betra lífi.

Á vefsíðu ABC barnahjálpar www.abc.is er hægt að styðja barn til náms.

ABC barnahjálpar
Nýbýlavegur 4-6, 200 Kópavogur
Sími 414-0990
Netföng abc@abc.is / nytjo@abc.is
Reikningsupplýsingar
690688-1589 / 0537-26-6906

Meginhlutverk ABC barnahjálpar er:

- Gefa umkomulausum börnum heimili og fátækum börnum aðgang að góðri menntun með því að koma á fót leik-, grunn- og framhaldsskólum þar sem þörf er á og styrkja börn til náms.
- Sinna heilbrigðismálum barnanna.
- Bjóða upp á fullorðinsfræðslu s.s. lestrarkennslu.
- Stuðla að bættri afkomu fátækra fjölskyldna.
- Sinna neyðarhjálp ef aðstæður skapast.

Hvernig störfum við?

Starfsemin felst í því að koma á fót skólum og heimavistum í fátækum lönd- um Afríku og Asíu. ABC starfar náið með

Nytjamarkaðir ABC

Vörurnar fara hratt í gegn

Óskar Jónsson stendur vaktina í Nytjamörkuðum ABC barnahjálpar. Hann er verslunarstjóri yfir báðum mörkuðum, á Nýbýlavegi og nýja markaðinum á Laugaveginum beint á móti Hlemmi, og hefur starfað hjá ABC barnahjálpa í átta ár. „Þetta er virkilega skemmtilegt starf og gaman að hitta mikið af fólki og enginn dagur er eins. Fólk er að koma með vörur alla daga sem þarf að fara yfir og velja það sem fer í búðirnar, því það er ekki hægt að taka allt,“ segir hann. „Stundum eru fyrirtæki og heilidsölur að loka eða breyta rekstrinum og þá gefa þau okkur vörur frá árinu á undan, en við leggjum áherslu á að halda verðlaginu lágu og að það sé hratt streymi á vörunum.“

Unga fólkíð kaupir notað

Hann segir viðskiptavinum Nytjamarkaðanna fjölbreyttan hóp, bæði unga og aldna og mikið af flóttafólki, en það sé samt svolitill munur á mörkuðunum tveimur. „Þegar við byrjuðum með Nytjamarkaðinn á Laugaveginum hjá Hlemmi héldum við að við myndum kannski fá mikið af ferðamönnum, sem hefur alveg gengið eftir. Hins vegar kom það okkur á óvart hvað það er mikill hluti af viðskiptavinunum ungt fólk. Unga fólkíð í dag er mikið að hugsa um hringrásarhagkerfið og að endurnýta vörur og kaupa notað, hvort sem það eru föt, húsmunir eða hús-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

gögn. Þau eru líka dugleg að skipta og breyta til, svo þessi vistvæni lífsstíll er alveg að festa sig í sessi hjá þessum hópi.“

Jólamarkaðurinn

Nytjamarkaðurinn er alltaf með jólamarkað frá því í lok september fram að jólum. „Þú kemst alveg í jólasöfn hjá okkur og við erum alltaf með jólahappdrætti sem er söfnun fyrir einhverju ákveðnu verkefni. Í ár erum við að safna fyrir því að kaupa ræktunarland fyrir skólann okkar í Kenía og það er fyrst og fremst Nytjamarkaðurinn sem stendur undir þeirri söfnun. Skólinn í Kenía getur þá orðið sjálfbær um mat að stórum hluta og, ef vel gengur, jafnvel selt upp í kostnað.“

Óskar segir að það hafi haft mikil áhrif á sig að kynnast aðstæðum skjólstaðinga ABC barnahjálpar. „Maður fer að sjá hlutina í öðru ljósi eftir að hafa hitt börn sem eiga bókstaflega ekki neitt. Þá fer maður að hugsa um hvað maður í raun og veru þurfi þegar maður hefur allt til alls hér á Íslandi.“

Stuðningsaðilar

„Það hreinlega stækkar í manni hjartað“

„Við byrjuðum á þessu hjónin áður en við eignuðumst börn til að láta gott af okkur leiða.“

Nína Dögg Filippusdóttir leikkona er búin að vera stuðningsaðili ABC barnahjálpar í fjölda ára og segist mæla með því heilsuhugar. „Ég man ekki einu sinni hvenær ég byrjaði, held það hafi verið fyrir árið 2000,“ segir hún en hún styrkti dreng í Úganda í gegnum alla skólagönguna, allt þar til hann fór í háskóla 18 ára gamall. Það er ekki lítið að koma einstaklingi í gegnum alla skólagönguna og breyta lífi viðkomandi til frambúðar.

„Við byrjuðum á þessu hjónin áður en við eignuðumst börn til að láta gott af okkur leiða,“ segir hún og bætir við að barnið þeirra í Úganda sé alltaf eins og hluti af fjölskyldunni. „Börnin okkar tala um bróður sinn í Úganda og þetta hefur verið mjög gefandi að leggja sitt af mörkum til þessa starfs.“ Hún segir að það sé dásamlegt að geta fylgst

með sínu barni. „Maður fær myndir og jólakort og svo höfum við fengið myndir sem hann hefur teiknað. Það er ótrúlega gaman að fylgjast með honum með börnunum okkar.“ Hún segir þó að það sé líka svolítið erfitt að missa sambandið eftir að hann varð 18 ára, en þá minnka oft samskiptin.

„Við erum með mynd af honum uppi á vegg, enda hefur hann verið hluti af fjölskyldunni í næstum 18 ár,“ segir Nína og bætir við að fjölskyldan sé nú búin að taka að sér annan son, Mathias Tamale, sem þau hlakka til að fylgjast með á sinni vegferð í gegnum skóla ABC í Úganda.

„Það er svo mikilvægt að geta gefið af sér og það hreinlega stækkar hjá manni hjartað að vita að maður er að hjálpa til og kannski breyta lífi barns sem býr við svona erfiðar aðstæður.“

Nína segist ekki hafa farið til Úganda en vonandi eigi fjölskyldan eftir að fara þangað og þá verða væntanlega fagnaðarfundir.



Nína Dögg Filippusdóttir



Mathias Tamale



Berglind Tulinius

„Jú, ég á fjögur börn sem eiga alltof mikið af öllu og ákvað því að styðja barn sem á ekkert af neinu. Eg myndi ekki vilja að mín börn gætu ekki menntað sig.“



Ólafía Norðfjörð

„Drengurinn okkar, Fousseni, í ABC-skólanum í Búrkína Fasó, nýtur fæðuöryggis, menntunar og tækifæra sem kosta mig aðeins 3.800 krónur á mánuði.“



Hanna Rut Heimisdóttir

„Ég vil að öll börn fái jöfn tækifæri til lífs og þroska, þess vegna vel ég að gefa barni tækifæri og styðja til náms í gegnum ABC barnahjálpa.“



Ásdís Árnadóttir

„Mynd sem ég sá og var tekin á öskuhaugunum á Manila á Filippseyjum fyrir meira en 20 árum, þar sem berfætt börn leituðu að mat, varð til þess að ég ákvað að taka að mér barn.“